
Eskifjarðarlína 1, lagning jarðstrengs og niðurrif loftlínu

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 28. ágúst 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsnet um fyrirhugaða lagningu jarðstrengs og niðurrif loftlínu á Eskifjarðarlínu 1, Fljótsdalshéraði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 10.21 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fljótsdalshéraðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Eskifjarðarlína 1, lagning jarðstrengs og niðurrif loftlínu. Fyrirspurn um matsskyldu. Efla ehf., ágúst 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fljótsdalshéraði með tölvubréfi dags. 24. september 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 24. september 2018.
- Orkustofnun með tölvubréfi dags. 20. september 2018.
- Skógræktinni með tölvubréfi dags. 19. september 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. september 2018.

Umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands barst ekki.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að vinna hafi staðið yfir við spennuhækkun raforkukerfisins á Austurlandi á síðustu árum og sem hluti af því sé þörf á að endurnýja eldri hluta raforkukerfisins, sem er 66 kV loftlína, frá tengivirki við Eyvindará og inn á nýrra kerfið sem er 132 kV. Framkvæmdarhluti línunnar mun vera frá tengivirki við Eyvindará að tengivirki í Eskifirði. Í stað eldri loftlínu verður grafinn niður jarðstrengur og loftlínan rifin. Núverandi loftlína, líkt og fyrirhugaður jarðstrengur, liggur á um 500 m kafla í gegnum Miðhúsaskóg sem er á náttúruminjaskrá. Lengd jarðstrengsins er um 1,7 km og mun hann að mestu fylgja slóð sem nú þegar er til staðar á svæðinu. Framkvæmdin mun felast í því að grafinn verður um 1,25 m djúpur og 1 m breiður skurður og lagður um 630 mm² álstrengur í skurðinn. Val á tækjabúnaði miðar að því að sem minnst varanlegt rask verði umhverfis skurðinn. Uppmökstur úr skurðinum verður á bakka skurðarins og hann svo notaður sem uppfyllingarefni í skurðinn eins mikið og auðið er. Heildarbreidd raskssvæðis við skurðinn er áætluð á milli 7-12 m. Rask vegna niðurrifs loftlínunnar er talið vera minniháttar. Langtímaáhrif verða að völdum öryggissvæðis jarðstrengsins sem liggur innan helgunarsvæðis hans. Helgunarsvæðið er 10-12 metrar og þar af er öryggissvæðið 4-6 metrar. Á öryggissvæði er óheimilt að planta trjágróðri með djúpstæðar rætur og þar ríkir byggingarbann.



Fram kemur að þegar komi að þverun Miðhúsaár séu tvær valkostir í stöðunni. Annars vegar að grafa strenginn beint í ána eða grafa rör í botninn og draga strenginn í gegnum rörið, en ekki liggur fyrir mat á hvor kosturinn sé hagkvæmari fyrir verkið.

Áætlað er að lagning jarðstrengsins muni klárast árið 2019 og að niðurrif línunnar fari fram í kjölfarið.

4 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur að svæðið sem sé aðallega landbúnaðarland og gróið land sem liggja að Miðhúsaá. Fram kemur að svæðið sem jarðstrengurinn muni liggja um sé að mestu skilgreint sem tún og akurlendi og hins vegar birkiskóg. Einnig sé að finna vot- og mólendi í kringum Miðhúsaá sem mun vera þveruð á einum stað en votlendi mun ekki vera raskað. Ekki er vitað um fiska í ánni eða annað vatnalíf. Gert er ráð fyrir að gröftur í ánni muni taka 1-2 daga og að það megi gera ráð fyrir einhverju gruggi neðan þverunarstaðar á meðan á því stendur. Um 500 metra kafli af jarðstrengnum mun liggja í gegnum Miðhúsaskóg sem er á náttúruminjaskrá og því nauðsynlegt að halda öllu raski á svæðinu í lágmarki við lagningu strengsins.

Að þverun áráttar lokinni sé gert ráð fyrir að strengurinn liggja meðfram gömlum vegi sem liggur í gegnum gróið land í Miðhúsaskógi, en vikur frá veginum á kafla þegar nálgast mastur nr. 13 þar sem strengurinn mun tengjast inn á núverandi kerfi. Gróðurúttekt á svæðinu í Miðhúsaskógi hafi farið fram á vegum Náttúrufræðistofu Austurlands en þar hafi einungis fundist algengar plöntu- og trjátegundir.

Skógræktin telur að það sé afar mikilvægt að allar upplýsingar um skóglendi sem raskast vegna framkvæmdanna berist stofnuninni Ítarlegur listi um hvaða upplýsingar það væru sem þyrftu að koma fram var að finna í umsögn Skógræktarinnar. Á meðal þeirra upplýsinga er t.d. hvenær og hvar skógareyðing átti sér stað.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að hluti af upplýsingunum sem beðið er um séu í núverandi skýrslu og það sem uppi vanti verði aflað í samráði við skógræktina samhliða leyfisumsókn.

Fram kemur að engar heimildir hafi fundist um sérstætt fuglalíf á svæðinu. Á svæðinu eru algengustu fuglar skógarþröstur, þúfuttlingur, hrossagaukur, rjúpa og músarrindill. Minniháttar rask mun verða á búsvæði fuglanna á meðan á framkvæmdum stendur en langvarandi áhrif hverfandi.

Fram kemur að ekki sé vitað um neinar skráðar fornminjar á svæðinu en gert sé ráð fyrir að fornleifafræðingur fari um svæðið áður en framkvæmdir hefjist og fellst Minjastofnun Íslands á það í umsögn sinni.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er gert ráð fyrir að Eskifjarðarlína 1 sé hluti af flutningskerfi raforku, í stefnu sveitarfélagsins er leitast við að auðvelda aðgang að raforku þar sem þörf er á og þess vegna er talið að verkefnið falli vel að markmiðum aðalskipulags varðandi svæðið. Haft var samráð við skipulagsfulltrúa Fljótsdalshéraðs varðandi fyrirhugaða framkvæmd um hvort að þörf væri á breytingu á aðalskipulagi 2008-2028. Niðurstaðan úr því samráði var að það væri ekki þörf á breytingu vegna óverulegrar breytingar á legu Eskifjarðarlínu 1.



Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Orkustofnunar skv. raforkulögum.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu jarðstrengs og niðurrif loftlínu í tengslum við Eskifjarðarlínu 1. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar s.s. stærð og umfangi framkvæmdar og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er tiltölulega lítið sem og umfang framkvæmdarinnar. Með framkvæmdinni mun loftlína verða fjarlægð sem mun gera það að verkum að ásýnd svæðisins mun breytast til hins betra sem og draga mun úr áflugshættu fugla. Nokkuð rask verður vegna lagningar jarðstrengsins en hann verður að stórum hluta lagður í fyrirliggjandi vegslóða á svæðinu en á stuttum kafla um óraskað svæði. Ummerki um lagningu slóðans munu ekki verða til langframa. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, m.a. með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa sbr. 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæði við lagningu jarðstrengs og niðurrif loftlínu er að hluta í Miðhúsaskógi sem er á náttúruminjasrá. Nauðsynlegt er því að halda öllu raski á svæðinu í lágmarki við lagningu jarðstrengsins um skóginn en eins og áður sagði verður strengurinn lagður að mestu í fyrirliggjandi vegslóða. Mikilvægt er að áður en ráðist verður í framkvæmdir muni fara fram fornleifaskoðun eins og Minjastofnun Íslands hefur samþykkt. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér að ofan einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki er þess að vænta að vegna lítills umfangs framkvæmdarinnar verði áhrif af hennar völdum verulega neikvæð. Einna helst gæti þverun Miðhúsaár og niðurrif skógar haft áhrif á lífríki en ekki er vitað um fiska eða annað dýralíf í ánni og skógarruðningi á leið jarðstrengsins verður haldið í lágmarki. Ef vel er staðið að framkvæmdinni ættu langtímaáhrif að verða óveruleg og afturkræf. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. nóvember 2018.

Reykjavík, 15. október 2018

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson